

Nefndarálit

um frumvarp til laga um handtöku og afhendingu manna til og frá Íslandi vegna refsiverðra verknaða á grundvelli handtökuskipunar.

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur, Hinriku Söndru Ingimundardóttur og Skúla Þór Gunnsteinsson frá innanríkisráðuneyti.

Frumvarpið var áður lagt fram á 144. löggjafarþingi (463. mál) og var afgreitt með nefndaráliti meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar (þskj. 1135) en hlaut ekki frekari afgreiðslu. Nefndin hefur kynnt sér efni þeirra umsagna sem bárust um frumvarpið á síðasta löggjafarþingi en frumvarpið hefur ekki tekið efnislegum breytingum frá fyrri framlagningu þess. Afstaða nefndarinnar er óbreytt frá síðasta löggjafarþingi.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um heildarlöggjöf sem sameini lagaákvæði sem nú eru í lögum um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða, nr. 12/2010, og ný lagaákvæði sem leiðir af skuldbindingum Íslands vegna samnings um málsmeðferð um afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs sem var undirritaður 28. júní 2006.

Meiri hlutinn telur frumvarpið til þess fallið að bæta samstarf Íslands við önnur EES-ríki um meðferð sakamála. Í nefndinni var sérstaklega rætt um 5. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um að ákvæði laganna gildi einnig um afhendingu íslenskra ríkisborgara. Meiri hlutinn fellst á að æskilegt sé að Ísland taki með þessu móti fyllri þátt í evrópsku samstarfi um rannsókn og meðferð sakamála, enda eru í frumvarpinu ákvæði því til tryggingar að gætt sé réttaröryggis og mannréttinda við afhendingu sakamanna, sbr. t.d. 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins þar sem segir að synja skuli um afhendingu manns samkvæmt evrópskri handtökuskipun ef hún er í andstöðu við ákvæði mannréttinasáttmála Evrópu og þeirra samningsviðauka sem hafa lagagildi hér á landi. Þá eru í 10. og 11. gr. frumvarpsins taldar upp heimilar synjunarástæður, t.d. ef um er að ræða stjórn málaafbrot, sbr. 1. mgr. 11. gr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Unnur Brá Konráðsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 2016.

Guðmundur Steingrímsson,
1. varaform.

Vilhjálmur Árnason,
frsm.

Líneik Anna Sævarsdóttir.

Ólína Kjerúlfr Þorvarðardóttir. Jóhanna María Sigmundsdóttir.

Haraldur Einarsson.

Svandís Svavarsdóttir.